

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. febrúar 2016, kl 13.00.
Haldinn í fjarfundi.**

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir, Pétur G Markan og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 15. janúar 2016
2. Sóknaráætlun Vestfjarða
 - a. Tillögur að áhersluverkefnum
3. Samráðsfundur sveitarfélaga á Vestfjörðum
 - a. Fundargerð
 - b. Tillögugerð til ríkisstjórnar
4. Fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga
5. Fundargerð samgöngunefndar 2. febrúar
 - a. Staða ljósleiðaraverkefnis
 - b. Stefnumörkun í samgöngumálum á Vestfjörðum
6. Umsagnir
 - a. Reglugerð um breytingu á póstdreifingu
 - i. Bréf Reykhólahrepps og svarbréf Íslandspósts.
 - b. lög um póstpjónustu, frumvarpsdrög
 - c. umsagnir til Alþingis
7. Önnur mál
 - a. Stefna og framtíð sveitarstjórnarstigsins
 - b. Fjölmíðlaumfjöllun FV 2015

1. Fundargerð stjórnarfundar 15. janúar 2016
Lögð fram fundargerð 15. janúar 2016 til staðfestingar, en fundargerð hafði áður verið staðfest í tölvupósti. Fundargerð staðfest.
2. Sóknaráætlun Vestfjarða
 - a. Tillögur að áhersluverkefnum
Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að 8 áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða sem byggja á tillögum starfsmanna og frá fundi samráðsvettvangs sveitarfélaga þann 22. janúar s.l.. Hluti verkefna ná til allt að þriggja ára en önnur til eins árs. Alls er sótt um 26,1 mkr en til ráðstöfunar eru 20 mkr. Tillögurnar eru sem hér segir.

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili	Heildarkostn	Styrkbeiðni 2016	Styrkbeiðni 2016-2018
Visit Westfjords	Markaðsstofa Vestfjarða	40.800.000	6.800.000	20.400.000
InWest	Atvest	30.000.000	5.000.000	15.000.000
Umhverfissvottaðir Vestfirðir	Fjórðungssamband	7.500.000	3.250.000	7.500.000
Gegnumsláttur 2019	Fjórðungssamband	2.000.000	1.000.000	1.000.000

Vestfirðir altengdir	Sveitarfélög á Vestfjörðum / Fjórðungssamband	4.500.000	1.500.000	4.500.000
Þróunarsetur á Vestfjörðum	Atvest	12.000.000	4.000.000	12.000.000
Jarðavarmaklasi og raforkumál í Reykhólahreppi og Strandabyggð	Atvest, Strandabyggð og Reykhólahreppur	16.400.000	4.100.000	8.200.000
Rannsóknaklasi	Háskólasetur	1.420.000	305.000	610.000
		114.620.000	25.955.000	69.210.000

Daníel Jakobsson, kynnti að hann ætti aðild að undirverkefni innan verkefnisins Inwest. Formaður lagði til að stjórn gerði ekki athugasemd um þátttöku Daníels í umræðu um málið. Tillagan samþykkt.

Formaður gerði tillögu. Stjórn fellst á efni tillaganna en felur framkvæmdastjóra að samræma efni þeirra þannig að þær hafi skírskotun til allra Vestfjarða og að endurskoða fjárhagsramma þeirra fyrir árið 2015. Tillögurnar verði síðan sendar samráðsvettvangi Sóknaráætlunar til umsagnar í tölvupósti og síðan lagðar til endanlegrar afgreiðslu innan framkvæmaráðs sóknaráætlunar. Miðað er við að ákvörðun liggi fyrir lok febrúar. Tillagan samþykkt

3. Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum

a. Fundargerð

Lögð fram fundargerð fyrsta fundar samráðsvettvangs þann 22. janúar s.l.. Framkvæmdastjóri kynnti að ekki hefur verið unnið nánar með stefnu FV frá fundinum en önnur verkefni væru vinnslu.

b. Tillögugerð til ríkisstjórnar

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að áhersluverkefnum er rædd voru á samráðsfundi sveitarfélaga 22. janúar s.l., sem lið í aðgerðum til að mæta þeim vanda sem lýst er í skýrslu Byggðastofnunar, Hagvöxtur landshluta 2009-2013. Jafnframt að leita til ríkisstjórnar um áætlun til að hrinda aðgerðum í framkvæmd. Á síðustu vikum hefur málið verði kynnt fjármálaráðherra og þingmönnum stjórnarflokka.

Rætt um efni máls og talið að það þurfi nánari útfærslu og kalli á aðild ríkisstjórnar áður en lengra er haldið. Formaður gerði eftirfarandi tillögu.

Stjórn FV óskar eftir að ríkisstjórn skipi nefnd um aðgerðir á Vestfjörðum sem lúti að fjárfestingu, verkefnum stofnana og búsetuskilyrðum á Vestfjörðum. Meginmarkmið er að skapa aðstæður í samfélögum og atvinnulífi til að geta nýtt auðlindir svæðisins og skapa vöxt til framtíðar en með sjálfbærni að leiðarljósi.

Skipan nefndarinnar verði með þeim hætti að í henni sitji að lágmarki þrír fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Komi einn fulltrúi frá skilgreindum

atvinnu og þjónustusvæðum á Vestfjörðum, það er, einn frá norðursvæði, einn frá suðursvæði og einn frá sveitarfélögum á Ströndum og Reykhólahreppi.

Tillagan samþykkt.

4. Fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Lagðar fram fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga frá lok september 2015 til lok janúar 2016.

- SSNV, fundargerðir 30. september, 15. október, 12. janúar og 2. febrúar s.l.
- SSH, 12. október, 26. október, 2. nóvember og 7. desember
- SSS, 30. september, 12. október, 21. október, 10. nóvember, 16. desember og 20. janúar.
- SSV; 6. október, 25. nóvember og 20. janúar
- SASS; 2. október, 28. október, 19. nóvember, 15. janúar.
- SSA; 3. október, 27. október, 15. desember og 12. janúar.
- Eyþing. 9. október, 21. október, 18. nóvember, 8. desember og 13. janúar
- Samband íslenskra sveitarfélaga 30. október, 20. nóvember, 30. nóvember, 11.

5. Fundargerð samgöngu og fjarskiptanefndar 2. febrúar 2016

Lögð fram fundargerð samgöngu- og fjarskiptanefndar frá 2. febrúar s.l. og tekin eftirfarandi mál til umræðu.

a. Staða ljósleiðaraverkefnis

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum og heimaugateningar og samspil þessa við verkefnið „Ísland ljóstengt“.
Rætt um efni máls. Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Stjórn FV lýsir ánægju með að lokið sé fyrri áfanga í hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum með tengingu Hólmanvíkur við landsnetið. Einnig að lokið verði við seinni áfanga verkefnisins fyrir árslok 2016 en samtímis er það eindregin krafa að lokið verði við ljósleiðaratengingu Drangsness á sama tíma. Stjórn telur það síðan eðlilega forgangsröðun að fjármagni verði nú veitt fyrst til tengingar dreifbýlis á þessum tilgreindum svæðum, samhliða lagningu stofnlagnar.

Stjórn FV felur framkvæmdastjóra leita til sveitarfélaga um skipan samráðshóps sveitarfélaga á Vestfjörðum um fyrirkomulag gagnflutningakerfis á Vestfjörðum og leita fjárstuðnings við verkefnið. Leitað verði samstarfs við opinber fyrirtæki er starfa í orku og fjarskiptamálum á Vestfjörðum s.s. Orkubú Vestfjarða, Orkufjarskipti, Landsnet og Neyðarlínan.

Stjórn FV varar að lokum við þeirri breyttu aðferðarfræði sem Ísland ljóstengt hefur nú kynnt sveitarfélögum um úthlutun fjármagns á árinu 2016. Ekki síst því formdæmi sem slík aðgerð getur haft til framtíðar. En lagt er til að innan ársins 2016 verði sveitarfélögum att saman í samkeppni um takmarkað fjármagn til að leysa markaðsbrest.

Stjórn FV telur augljóst að það verða þéttbýl og efnahagslega sterk sveitarfélög sem geti hrint verkefninu í framkvæmd á meðan þau svæði sem verkefnið ætti leggja áherslu á, þurfa að bíða. Lögum samkvæmt er gagnaveita ekki lögbundið verkefni stjórnvalda, en hinsvegar geta stjórnvöld ekki horft framhjá því símalínur (koparlagnir) sem alþjónustukvöð byggir á, verða ónýtar vegna aldurs innan nokkurra ára. Ljósleiðaratengingar eru framtíðarlausn og það er hlutverk stjórnvalda að tryggja heimili í landinu standi jafnfætis í þessum eignum.

- b. Stefnunörkun í samgöngumálum á Vestfjörðum
Samkvæmt þingmálaskrá á samgönguáætlun til 4 ára og 12 ára að koma fram í þinginu á næstu vikum.

Kynnt kort sem samgöngu og fjarskiptanefnd FV, hefur látið vinna af vege og fjarskiptakerfi á Vestfjörðum til þess að gefa yfirsýn um stöðu kerfisins og hvar þarf úrbætur. Kortið verði lagt til grundvallar í umsögn FV varðandi samgönguáætlun og umræðu um samgöngu og fjarskiptamál á Vestfjörðum..

6. Umsagnir

- a. Reglugerð um breytingu á póstdreifingu
Lagt fram bréf Reykhólahrepps frá 19. janúar s.l. með ályktun sveitarstjórnar til innanríkisráðuneytis, Póst og fjarskiptastofnunar, Íslandspóst og FV. Bréfið varðar gildistöku reglugerðar 868/2015 um alþjónustu í pósthjónustu. Með reglugerðinni er dregið úr ákvæði alþjónustu um 5 daga dreifingu og Íslandspóst hefur þegar tilkynnt að fyrirtækið ætlar að nýta sér þetta ákvæði og fækka dreifingardögum. Harnar sveitarstjórn að innanríkisráðuneytið samþykki með þessum hætti ójöfnuð í þjónustu við landsmenn.

Kynnt bréf svarbréf Íslandspósts frá 29. janúar varðandi breytingar á póstdreifingu á grundvelli reglugerðarinnar.

Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur undir samþykkt sveitarstjórnar Reykhólahrepps og skorar á stjórnvöld að gæta jafnræðis þegna landsins að þjónustu. Bendir stjórn einnig á sértækar aðstæður, að ekkert pósthús er til staðar í Reykhólahreppi og 70 km í næstu póstafræiðslu. Í annan stað beinir stjórn FV til innanríkisráðuneytis að taka reglugerð 868/2015 til endurskoðunar í ljósi framkominna athugasemda og viðhafi samráð við sveitarfélögin um efni máls. Hér bent á umsögn FV til innanríkisráðuneytis þegar drög að reglugerð um alþjónustu í pósthjónustu voru sett út til kynningar í maí 2015.

- b. Lög um pósthjónustu, frumvarpsdrög
Innanríkisráðuneyti lagði fram drög að frumvarpi um lög um pósthjónustu fram til umsagnar í lok janúar s.l.. Umsagnarfrestur var gefinn til 8. febrúar s.l.. Meginefni frumvarpsins er að einkaréttur í pósthjónustu verður að felldur niður með vísan til ákvæða á grundvelli EES samnings, þess í stað má sækja um stuðning úr ríkissjóði til að sinna alþjónustu.
Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur áherslu á jöfnuð í aðgengi íbúa að almannaþjónustu og beinir til innanríkisráðuneytis að horfa til viðbragða við setningu reglugerðar 868/2015 um alþjónustu í pósthjónustu í þeim efnum.

- c. Umsagnir til Alþingis.
Alþingi hefur óskað umsagnar um eftirfarandi mál.
- frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
Stjórn FV samþykkir að skila ekki umsögn.
 - frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna
Stjórn FV samþykkir að skila ekki umsögn Samþykkt að skila ekki umsögn
 - frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga (skilgreining og álagning vatnsgjalds),
Stjórn FV samþykkir að skila ekki umsögn
 - umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar
Stjórn FV fagnar því að stefna um nýfjárfestingar sé kominn fram en skilar ekki umsögn um málið.

7. Önnur mál

- a. Stefna og framtíð sveitarstjórnarstigsins
Lagður fram tölvupóstur frá innanríkisráðuneyti dags. 5. febrúar 2016, þar sem kynnt er stofnun 5 manna starfshóps á vegum ráðuneytisins um verkefnið *Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga*. Auk þess skal starfa með starfshópnum 20 manna bakhópur til ráðuneytis og samráðs. Með erindi ráðuneytisins er óskað tilnefningar Fjórðungssambands Vestfirðinga á einum fulltrúa í bakhópinn.

Með vísan til ákvæðis 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 er gerð tillaga um að tilnefna Pétur G Markan, Súðavíkurbreppi og Friðbjörgu Matthíasdóttur, Vesturbyggð. Tillagan samþykkt.

- b. Fjölmiðlaumfjöllun FV 2015
Lögð fram til kynningar samantekt Creditinfo á fjölmiðlaumfjöllun um FV á árinu 2015 og samanburð við árið 2014. Fram kemur að FV er mest í umfjöllun fjölmiðla í samanburði við önnur landshlutasamtök.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.20.